

V. KAFLI

37. gr.

Þegar eftir gildistöku laga þessara skulu þinglýsingardómarar utan Reykjavíkur senda borgarféðanum í Reykjavík frumrit eða staðfest eftirrit af öllum skjölum, er þinglýst hefur verið um loffför í umdæmum þeirra.

Eftir viðtöku skjalanna kannar borgarféðeti eftir föngum, hvort hin þinglesnu réttindi verði skrásett eftir lögum þessum. Ber borgarféðeta, ef því er að skipta, að kveðja í ábyrgðarbréfi þá, sem hlut eiga, fyrir sig til að sanna rétt sinn. Rétt er borgarféðeta einnig að kveðja þá, er í hlut eiga, með áskorun í Lögbirtinga-blaði, er sé birt þrisvar, að sanna rétt sinn innan tveggja mánaða frá síðustu birtingu áskorunar að viðlagðri niðurfellingu af skrá.

Um málsskot fer sem segir í 14. gr.

Gjört í Reykjavík, 16. apríl 1966.

Bjarni Benediktsson.

Birgir Finnsson.

Gizur Bergsteinsson.

Ingólfur Jónsson.

L Ö G

um viðauka við lög nr. 3/1955, um skógrækt.

HÁNDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Ríkissjóður styrkir ræktun skjólbelta eftir því, sem fé er veitt á fjárlögum, og samkvæmt því, sem nánar greinir í lögum þessum.

2. gr.

Skógræktarstjóri hefur yfirumsjón með ræktun skjólbelta. Hann aflar upplýsinga um áætlaðar framkvæmdir í ræktun skjólbelta næsta ár og gerir, að þeim fengnum, tillögur til landbúnaðarráðuneytisins um fjárveitingu á næsta ári, áður en frumvarp til fjárlaga er lagt fyrir Alþingi.

3. gr.

Eftirgreindir aðilar geta notið styrks samkvæmt 1. gr.:

- a) Ábúendur lögbýla og garðyrkjubýla.
- b) Félagsbundin samtök um ræktun korns eða garðávaxta, enda sé land það, er tekið er til ræktunar, eigi minna en 10 hektarar að flatarmáli.

4. gr.

Styrk má því aðeins veita, að fullnægt sé eftirtöldum skilyrðum:

- a) Að skógarvörður og héraðsráðunautur hafi mælt með framkvæmdum.
- b) Að fylgt hafi verið fyrirmælum skógarvarðar um legu skjólbelta og gerð þeirra.
- c) Að eigandi eða vörzlumaður lands eða jarðar hafi annazt jarðvinnslu og lagt til nægan áburð samkvæmt fyrirmælum skógarvarðar.
- d) Að landssvæði það, sem vernda skal, hafi verið girt löggirðingu, sbr. 16. gr. laga nr. 3/1955, um skógrækt.
- e) Að lokið sé ákveðnum áfanga gróðursetningar, sem nánar er kveðið á um í reglugerð.

5. gr.

Girðingarstyrk skal aðeins miða við girðingu utan um samfelld ræktunarland. Vilji eigandi eða vörzlumaður nota landið til beitar, er honum skylt að girða reinarnar, svo að öruggt sé, að skjólbeltin bíði ekki tjón af beitinni.

Verði tjón á skjólbeltum vegna búfjárbeitar, er veittur styrkur afturkræfur að nokkru eða öllu leyti.

6. gr.

Styrkur samkvæmt 1. gr. má nema allt að $\frac{1}{3}$ af girðingarkostnaði og $\frac{1}{2}$ af andvirði trjáplantna og kostnaði við gróðursetningu.

Skógarverðir eða héraðsráðunautar gera úttekt á skjólbeltaframkvæmdum.

7. gr.

Skyld er eiganda skjólbeltis eða vörzlumanni að fara eftir fyrirmælum skógarvarðar um friðun og hirðingu þess. Lendi skjólbelti í vanhirðu, er heimilt að endurheimta styrk þann, sem veittur var.

Að fimm árum liðnum frá gróðursetningu skjólbeltis er heimilt að veita eiganda eða vörzlumanni þess verðlaun, er samsvari allt að fjárhæð 2ja ára hirðingarkostnaði, ef ræktun skjólbeltis hefur tekizt vel.

8. gr.

Verði eigenda- eða ábúendaskipti á landssvæði eða jörð, þar sem skjólbeltarækt hefur verið styrkt samkvæmt lögum þessum, ber sá, er við tekur, ábyrgð á því, að skjólbelti sé friðað og hirt. Vanræki hann það, er heimilt að heimta úr hendi hans þann styrk, sem veittur hefur verið.

9. gr.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 16. apríl 1966.

Bjarni Benediktsson.

Birgir Finnsson.

Gizur Bergsteinsson.

Ingólfur Jónsson.